

fullvirðisrétti, sem viðkomandi lögbýli hefur og skiptist á milli þeirra í hlutfalli sem notað hefur verið, þegar ábúendaskipti fara fram.

Framleiðanda er óheimilt, án samþykkis hlutaðeigandi búnaðarsambands, að selja eða leigja þann fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu sem hann hefur hlotið á grundvelli 14. gr. rg. nr. 339/1986 og 14. gr. rg. nr. 291/1987.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46. 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46. 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júní 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 443 25. september 1987 um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1988-1989.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Nýti framleiðandi ekki allan fullvirðisrétt sinn skv. 3. og 4. gr., greiðir ríkissjóður fyrir hinn ónýtta fullvirðisrétt, allt að 10% hans. Greiðsla fyrir ónýttan fullvirðisrétt skal svara til hlutfalls launa- og fjármagnskostnaðar í grundvallarverði sauðfjárafurða 1. september 1988. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur þessar skv. nánari reglum, er landbúnaðarráðherra setur. Með sama hætti getur framleiðandi óskað eftir slíkri greiðslu fyrir hærra hlutfall ónýttis fullvirðisréttar. Þó verður ekki greitt fyrir ónotað-an rétt, ef framleiðsla á árinu nær ekki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Framleiðanda er heimilt að ráðstafa fullvirðisrétti og tilsvarende búmarki milli lögbýla, enda sé ekki um skammtímaráðstöfun að ræða og fyrir liggi samþykki viðkomandi búnaðarsambands. Tilkynning um ráðstöfun þessa, studd skriflegu samþykki búnaðarsambands og eigenda viðkomandi lögbýla, skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. júní 1989.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júní 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.